

Velkomin!

Verkefnið Sunnan3 er samstarfsverkefni sveitarfélaganna Árborgar, Hveragerðis og Ölfus um uppbyggingu rafræns samfélags.



Innskráning

Notandanafn

Lykilorð

Innskrá






# Sunnan3 – þjónustuveita á netinu

Verkefnið Sunnan3 er samstarfsverkefni sveitarfélaganna Árborgar, Hveragerðis og Ölfus um uppbyggingu rafræns samfélags. Nú hafa allir íbúar sveitarfélaganna, sem eru 18 ára og eldri, beinan aðgang að rafrænu þjónustutorgi þar sem þeim gefst tækifæri á að eignast sína eigin vefsíðu hjá sveitarfélaginu. Líkja má þjónustutorginu við netbankana, nema að þar heldur íbúinn utan um mál og erindi gagnvart

sveitarfélaginu. Hann eignast sitt eigið málaskrárkerfi og hefur því nákvæmt yfirlit yfir samskipti sín sem um leið veitir stjórnslunni ákveðið aðhald. Hér er um að ræða tímamót í rafrænum samskiptum sveitarfélaga og íbúa. Það sem greinir þetta þjónustutorg frá sambærilegum kerfum er að þarfar íbúanna eru settar í forgang og þeir fá þannig fullkomið sjálfsafgreiðsluferfi í hendurnar.

## Á nýja rafræna þjónustutorginu getur þú:

- Sótt um skólamáltíðir og morgunhressingu fyrir börnin þín
  - Sent inn umsóknir um grunnskóla og frístundaheimili
- Komist í beint samband við skólakerfið Mentor og séð stundaskrár og heimalærdóm barnanna þinna
- Sótt um leikskólapláss fyrir börnin þín og haldið utanum umsóknina og afgreiðslu sveitarfélagsins með rafrænum hætti
  - Með netspjallinu getur þú fengið beint samband við ákveðna starfsmenn. Bæjarstjórinn verður t.d. reglulega í beinu netspjalli einu sinni í viku
- Kannað stöðu fjármála gagnvart sveitarfélaginu og fengið yfirlit yfir greidda reikninga, t.d. fasteignaskatta og leikskólagjöld
- Sagt þitt álit á hagsmunamálum sveitarfélagsins og fengið reglulega upplýsingar um það sem er að gerast í þínu nærumhverfi
- Haldið utanum öll samskipti þín við sveitarfélagið á einum stað á þínu eigin svæði hjá sveitarfélaginu
- Einnig hafa íbúar beinan aðgang að lifandi atburðadagatali, veðrinu og skilaboðum frá sveitarfélaginu
- Á þinni síðu getur þú tengst fjölmiðlum, bókasöfnum, tímaritum, vefsjónvarpi og leikjum
  - Með auðveldum hætti er hægt að komast í beint samband við aðra opinbera þjónustu eins og heilsugæsluna, sýslumanninn, skattinn og vegagerðina




## Umsóknir



Nú getur þú sent inn **UMSÓKNIR** beint af þjónustutorginu þínu. Allur ferill og afgreiðsla umsókna er sjálfvirkur sem sparar tíma við innslátt, vinnslu og flýtir fyrir ákvarðanatöku. Til að byrja með verður hægt að senda inn umsóknir um grunnskóla, frístundarheimili, skólamáltíðir, tónlistarskóla og leikskóla. Á næstunni verður einnig hægt að senda inn og afgreiða umsóknir á sviði skipulags- og byggingamála með þessum hætti.

## Málin mín



Með aðgangi að rafrænu þjónustutorgi eignast þú þína eigin málaskrá yfir samskipti, umsóknir og greiðslur gagnvart sveitarfélaginu. Í **MÁLIN MÍN** færðu nákvæmt yfirlit yfir samskipti, t.d. stöðu umsókna eða mikilvæg skilaboð frá starfsmönnum sveitarfélagsins.

# Rafrænt þj

Með rafrænu þjónustutorgi eignast þú þína eigin "getur þú kannað stöðu fjármála og samskipta og spjallað beint við ákveðna starfsmenn. Einnig er hægt að tengjast fjölmiðlum og þjónustu sem tengist þínu vörumerki."



### Hobbyhornið Tenglar/þjónusta

Það er hægt að nálgast ýmislegt fleira á þjónustutorginu heldur en umsóknir og þjónustu sveitarfélagsins. Íbúar hafa t.d. beinan aðgang að lifandi atburðadagatali og veðrinu. Einnig er hægt að tengjast fjölmiðlum, bókasöfnum, tímaritum, vefsíðum og skemmtilegum leikjum. Með aðveldum hætti er hægt að komast í beint samband við aðra opinbera þjónustu eins og heilsugæsluna, sýslumanninn, skattinn, ráðuneytin og hægt er að sjá hvort fært er um Hellisheiðina með því að smella á **FÆRD Á VEGUM**.

# ónustutorg

Þin vefsíðu hjá sveitarfélaginu þínu. Á „síðunni“ kipti þín við sveitarfélagið, séð nýjustu skilaboð þig hefurðu beinan aðgang að atburðadagatali, um daglegu þörfum og áhugamálum.

## Erindi - fyrirspurnir

Ein af aðaláherslum rafrænnar stjórnsýslu er að auka samskipti á milli íbúanna og stjórnsýslunnar. Sveitarfélagið vill því gjarnan að þú komir með ábendingar eða fyrirspurnir um það sem þér liggur á hjarta. Þú getur látið álit þitt í ljós á þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins með því að smella á ERINDI og senda inn hrós, gagnrýni, fyrirspurn eða almenna umsókn og getur verið viss um að erindi þínu verður svarað fljótt og vel.

## Netspjall



Mentor er vefkerfi sem gerir þér kleift að nálgast upplýsingar frá grunnskóla eða leikskóla barna þinna. Þessar upplýsingar eru skráðar í upplýsingakerfi sem er notað í flestum grunn- og leikskólum landsins. Á vefnum birtast upplýsingar varðandi börn þín, óháð því hvaða skóla þau sækja. Þegar þú hefur skráð þig inn í þjónustugáttina þá opnast fyrst SÍÐAN MÍN.

Með því að smella á hnappinn MENTOR þá skráir þú þig sjálfkrafa inn í Mentorkerfið og getur nálgast upplýsingar um börn þín.

Með netspjalli Sunnan3 verða íbúar Árborgar, Hveragerðis og Ölfuss þeir fyrstu á landinu til þess að komast í beint netsamband við starfsfólk síns sveitarfélags. Þannig er hægt að komast í „rafrænan viðtalstíma“ hjá bæjarstjóranum, fá svör við fyrirspurnum frá þjónustufulltrúum eða panta tækniástoð hjá áhaldahúsinu beint úr tölvunni heima. Netspjallið er sambærilegt við MSN-spjallið sem margir kannast við, en á síðunum þínum er netspjallið tilbúið til notkunar án þess að þurfa að sækja eða hlaða niður auka hugbúnaði.

# Nýskráning – leiðbeiningar



Á forsiðu [www.sunnan3.is](http://www.sunnan3.is) er svæðið **NÝSKRÁNING**. Skrifðu þar kennitölu þína og smelltu á **ÁFRAM**. Við það færstu yfir á flippann **NÝSKRÁNING**.

Veldu sveitarfélagið þitt í fellilistanum Sveitarfélag. Gefðu síðan upp netfang þitt og endurtaktu netfangið. Þú mátt einnig gefa upp farsíma og heimasíma.

Síðan smellir þú á **SENDA**. Þá verður sjálfkrafa til notandanafn og lykilorð sem sendist samstundis í heimabankann/netbankann þinn. Vinsamlega skráðu þig inn í netbankann þinn og þar undir **Rafræn skjöl** eða **vefskjöl** finnur þú upplýsingarnar. Smelltu á skjalið og þá sérðu hvaða notandanafn og lykilorð þú hefur. Notandanafnið er alltaf kennitalan þín. Farðu svo aftur inn á [www.sunnan3.is](http://www.sunnan3.is) og skráðu þig inn undir **INNSKRÁNING**.

Ef þú vilt þá getur þú byrjað á því að breyta lykilorðinu þínu. Þá smellirðu á tengilinn **BREYTA LYKILORÐI** undir **STILLINGAR** á **SÍÐAN MÍN**. Allir fá aðgangsupplýsingnar einnig sendar með venjulegum pósti, þannig ef þú hefur ekki heimabanka þá berast þær eftir 1-2 daga.

## Hjálp – aðstoð við notendur

Í tilefni af opnun rafræns þjónustutorgs hefur sérstakt þjónustuver (**helpdesk**) fyrir notendur verið opnað. Þeir sem lenda í vandræðum við að skrá sig inn á þjónustutorgið eða við það að fylla út eða senda umsóknir geta hringt í þjónustuverið og fengið aðstoð í gegnum síma. Hringt er í svokallað „grænt númer“ sem þýðir að samtalið kostar ekkert fyrir notendur.

Númer þjónustuversins er **8004400**.

**Þjónustuverið er opið frá kl. 9-20 alla virka daga**

**Grænt númer  
8004400**



## Námskeið og fræðsluefni

Sunnan3 áformar að gefa íbúum kost á að sækja námskeið í almennri tölvunotkun og notkun rafræns þjónustutorgs á næstunni. Námskeiðin verða haldin í samvinnu við **Fræðslu-net Suðurlands**, og er þeim fyrst og fremst ætlað að hjálpa þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í tölvunotkun og öðrum þeim sem telja sig þurfa á grunnþjálfun í tölvunotkun að halda. Meðal þess sem notendur ættu að geta eftir námskeiðið er

að senda tölvupóst, ferðast um internetið, notað heimabanka, skrifað bréf í Word o.fl. Í tengslum við námskeiðin verður gefin út sérstök kennslubók um tölvunotkun fyrir byrjendur þar sem m.a. verða leiðbeiningar um notkun rafræns þjónustutorgs Sunnan3. Íbúar geta óskað eftir að fá bókina senda með því að skrá sig inn í þjónustutorgið og senda skilaboð til síns sveitarfélags.